

**STJÓRNARFUNDUR GAUKSMÝRI
ÞRIÐJUDAGINN 12. MAÍ 2009 KL 13:00.**

Þriðjudaginn 12. maí kom stjórn SSNV saman til fundar á Gauksmýri í Húnaþingi vestra. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Varaformaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnáði.

Áður en gengið var til dagskrár las framkvæmdastjóri bréf Gunnars Braga Sveinssonar formanns SSNV. Í bréfinu óskar hann leyfis frá störfum í stjórn SSNV frá og 12. maí 2009 fram að ársþingi í ágúst 2009. Þá óskar hann jafnframt eftir að láta af formennsku SSNV frá sama tíma og leggur til að Elín R. Líndal varaformaður gengi störfum formanns frá og með 12.maí fram til ársþings. Þórdís Friðbjörnsdóttir mun taka sæti aðalmanns í stjórn SSNV.

Stjórn samþykkir tillöguna og óskar Gunnari Braga velfarnaðar í störfum á vettvangi Alþingis.

Kosning varaformanns: Gerð tillaga að Þórdísi Friðbjörnsdóttur. Samþykkt samhljóða.

1. Yfirlit rekstareininga SSNV jan-mars 2009

- a. **SSNV atvinnuþróun.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
- b. **SSNV málefni fatlaðra.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
- c. **SSNV.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.

2. SSNV – atvinnuþróun

- a. **Verkefnayfirlit atvinnuráðgjafa mars og apríl 2009.** Framkvæmdastjóri skýrði einstaka verkefni. Samþykkt að boða atvinnuráðgjafa til næsta reglulega stjórnarfundar.
- b. **Bréf forstjóra Byggðastofnunar frá 31. mars 2009.** Í bréfinu er kynnt ósk Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar breytingu á framlagi Byggðastofnunar til AFE vegna þess að nú telst Siglufjörður hluti af starfssvæði félagsins en Siglufjörður var áður á starfssvæði SSNV atvinnuþróunar. Þess er óskað að SSNV komi sínum sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Stjórn SSNV bendir á að skv. 7. gr. samnings atvinnuþróunarfélagana og Byggðastofnunar, skulu þeir endurskoðaðir fyrir árslok 2010. Þar kemur fram að fyrir þann tíma hafi fyrirkomulag atvinnuráðgjafastarfsins verið endurskoðað og mun Byggðastofnun hafa frumkvæði að þeirri endurskoðun. Því telur stjórn SSNV eðlilegt að horfa á málin í stærra samhengi og í tengslum við boðaða endurskoðun. Framkvæmdastjóra falið að svara koma sjónarmiðum SSNV á framfæri.
- c. **Bréf Húnakorns ehf.** Í bréfinu er óskað fjárstuðnings vegna stofnunar félagsins. Erindinu hafnað þar sem SSNV atvinnuþróun veitir ekki slíka styrki.
- d. **Hvatningarverðlaun SSNV – atvinnuþróunar-Dagur atvinnulífsins á Norðurlandi vestra.** Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að málþingi/ráðstefnu undir vinnuheitinu „Dagur atvinnulífsins á Norðurlandi vestra“ sem haldinn verður haustið 2009. Í tengslum við dag atvinnulífsins verða Hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar afhent. Umræður urðu um fyrirkomulag og efnistöð málþingsins. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

- e. **Niðurstöður starfshóps um eflingu millilandaflugs frá Akureyri.** Lagðar fram til kynningar niðurstöður starfshóps. Hópurinn hefur unnið að hugmyndum og gagnaöflun sem miða að því að draga fram kosti millilandaflugs á helsársgrunni frá Akureyri til London og Kaupmannahafnar verði að veruleika. „Stjórn SSVN telur heilsársflug frá Norðurlandi mikið hagsmunamál fyrirtækja í ferðaþjónustu og útflutningsstarfsemi og hvetur þau til að halda vöku sinni fyrir þeim möguleikum sem slíkt flug hefur uppá að bjóða“.

3. SSVN

- a. **Bréf Forstöðumanns atvinnuþróunar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.** Í bréfinu eru útfærðar áður fram komnar hugmyndir um opnun svæðisskrifstofu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga Norðvesturkjördæmi í Brussel. Um yrði að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára með það að markmiði að byggja upp og nýta þau tækifæri sem liggja í Evrópusamstarfi fyrir svæðið. Umræður urðu um alþjóðasamskipti. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri óski eftir fundi með forsvarsmönnum SSV og FV um málið..
- b. **Bréf menntamálaráðuneytisins dags. 29. apríl 2009.** Í bréfinu er kynnt að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2009 nemur framlag til samnings ríks og SSVN á sviði menningarmála 32 milljónum en ekki 33 líkt og kveðið er á í samningnum. Fram kemur í samningnum að greiðslur ríkisins séu með fyrirvara um samþykki alþingis. Samþykkt að senda afrit af bréfinu til Menningarráðs Norðurlands vestra.
- c. **Ráðning endurskoðanda fyrir SSVN og tengdar einingar.** Lagður fram ráðningarsamningur við KPMG á Sauðárkróki vegna endurskoðunar ársreikninga SSVN og tengdra stofnana. Stjórn samþykkir samninginn og felur framkvæmdastjóra að undirrita hann.

4. Fundargerðir

- a. **Minnisblað fundar Samgönguráðs og sveitarfélagana á Norðurlandi.** Lagt fram til kynningar minnisblað, tekið saman af Mannvit-verkfræðistofu um fund sveitarfélagana á Norðurlandi og Samgönguráðs um samgöngumál á Norðurlandi. Fundurinn var haldinn vegna undirbúnings gerðar Samgönguáætlunar 2011-2022. Nokkrar umræður urðu um samgöngumál á Norðurlandi.
- b. **762. Fundur stjórnar SIS:** Lagt fram til kynningar.

5. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í samskiptum þess við Alþingi og ríkisstjórn.

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

- a. **Samráðsfundur sveitarfélagana um efnahagsvandann.** Framkvæmdastjóri sæki fundinn f.h SSVN.
- b. **Árþing 2009.** Rætt um fyrirkomulag þingsins og hugmyndir varðandi umfjöllunarefni.
- c. **Fjárhagsáætlun.** Framkvæmdastjóri leggi fram drög að fjárhagsáætlun á næsta stjórnarfundum.
- d. **Um úthlutanir styrkja til uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni.** Lögð fram til kynningar samantekt atvinnuráðgjafa vegna úthlutunar

iðnaðarráðuneytisins á styrkjum til uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni þann 22. apríl 2009. „Stjórn SSNV lýsir yfir vonbrigðum með rýran hlut verkefna á Norðurlandi vestra við úthlutun Iðnaðarráðuneytisins til uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni frá 22. apríl 2009. Stjórnin bendir á að fjöldi áhugaverðra verkefna á sviði ferðaþjónustu er í þróun í Skagafirði og Húnavatnssýslum og hvetur Iðnaðarráðuneytið til þess að horfa til, og styðja við þau verkefni í framtíðinni“.

Stjórn SSNV hvetur aðila í Skagafirði og Húnavatnssýslum sem standa að metnaðarfullum verkefnum á sviði ferðaþjónustu til dáða. Vakin er athygli á þeirri þjónustu sem til boða stendur innan SSNV á vettvangi atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings og menningarsamnings.

- e. **Menningarlandið.** Framkvæmdastjóri sagði frá ráðstefnunni Menningarlandið sem haldin var í Stykkishólmi 11. maí 2009.
- f. **Háhraðatengingar.** PD ræddi háhraðanetstengingar í framhaldi af síðasta útboði fjarskiptasjóðs. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsingar samkvæmt umræðum.
- g. **Ný vegaskrá.** BM ræddi nýja vegaskrá. Framkvæmdastjóra falið að afla upplýsinga um stöðu mála.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:00.

Jón Óskar Pétursson fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.